

Viðauki 11. Vinnureglur fyrir áhafnir togveiðiskipa

1. Stærð hola og togtími

- Hágmarks lengd togtíma skal vera tvær klukkustundir.
- Ekki ætti að taka meira en 5 tonn í hverju holi, ef magn í holi fer yfir það skal það sérmerkt.

2. Aðgerð

- Eftir að troll hefur verið afgreitt skal strax fara í aðgerð (sjá nánar um framkvæmd aðgerðar í kafla 4).
- Frávik: Hámark 1 fiskur af 10 rangt ristur eða með innyflaleifar.

3. Þvottur

- Það skal taka fiskinn að lágmarki 15 mínútur að fara í gegn um allt þvottakerfið.
- Frávik: Hámark 1 fiskur af 10 með ófullnægjandi þvott.

4. Stærðar- og tegundaflokkun

- Þorskur - Flokkið í þrjú stærðarflokka; <50 sm, 50 - 85 sm og 85 sm og yfir.
- Ýsa - Flokkið í tvo stærðarflokka; <45 sm og yfir 45 sm.
- Ufsi - Flokkið í tvo stærðarflokka; <50 sm og yfir 50 sm.
- Karfi - Flokkið í þrjú stærðarflokka; <500 gr., 500 til 700 gr. og yfir 700 gr.
- Frávik: Hámark 1 fiskur af rangri tegund í kari.

5. Röðun

- Allan fisk nema karfa og flatfisk skal reynt að leggja með hrygg upp og hlið við hlið. Við röðun skal fiskur fyrst fara í móttökukar og síðan raðað í geymslugar.
- Frávik: Hámark 1 fisk af hverjum 10 rangt raðað.

6. Þyngd fisks í kari og ísun

- Setjið um 310 kg af fiski í kar 460.
- Ísa fjórar skóflur í botninn, eina til tvær skóflur á milli fiskilaga og fjórar skóflur yfir efsta lagið.
- Frávik: Hámark 10% kara mega vera með meira en 330 kg af fiski, ójafna ísdreifingu eða með minna en 40 kg ís.

7. Merking og frágangur á körum

- Hvert kar skal merkt veiðidegi og vakt.
- Hafid lok á körum undir flutningsbandi í lest og lestarlúgu.
- Lágmark 90% kara skulu vera merkt.

8. Geymsla

- Lofthiti í lest skal vera 1-2 °C. Hafid slökkt á ljósum þegar ekki er verið að vinna í lestinni.

9. Eftirlit og skráningar

- Lofthiti í lest skal skráður á lestartkort á hverjum degi þegar fiskur er í lest.
- Allar athugasemdir er varða frágang og þrif í lest og á millidekki skal skrá á lestartkort.
- Frávik: Ef það sem er ábótavant hefur ekki verið lagfært eftir að athugasemd hefur verið skráð tvisvar í röð á lestartortið afhendir skipstjóri útgerðarstjóra bréf um að úrbóta sé óskað. Útgerðarstjóri lætur framkvæma viðeigandi úrbætur.

10. Upplýsingamiðlun

- Fyrir 08.00 dag hvern skal senda útgerðarstjóra upplýsingar um magn af hverri tegund og fiskstærð.

11. Matsniðurstöður

- Skipstjóri kemur matsniðurstöðum til áhafnar og vinnur að því að lagfæra það sem er ábótavant.